



HAFRANNSÓKNASTOFNUN

Rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.
Dalbraut 12, Laugarvatni

Efni: Umsögn um deiliskipulag fyrir Hvammsvirkjun.

Selfossi 26. mars 2021

Með tölvupósti 17. mars sl. óskaði skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita bs. eftir umsögn um deiliskipulagstillögu fyrir virkjun í neðanverðri Þjórsá norður af Skarðsfjalli – Hvammsvirkjun. Í deiliskipulaginu felst skilgreining heimilda vegna framkvæmda og uppbyggingar á virkjuninni. Er tillagan í auglýsingu frá 17.mars til 30. apríl n.k. Einnig voru send gögn þar að lútandi. Í samræmi við 4. mgr. 40 gr. skipulagslaga, nr. 123/2010 var tillagan kynnt frá 23. – 31. mars 2017.

Fyrri tillaga var auglýst um mitt ár 2017. Frekari vinnu við deiliskipulagið var frestað þar til álit Skipulagsstofnunar vegna mats á umhverfisáhrifum lá fyrir í mars 2018 og þar til endurskoðun aðalskipulags Rangárþings ytra og aðalskipulags Skeiða- og Gnúpverjahrepps lauk í október 2019 og maí 2020. Nú er lagt fram uppfært deiliskipulag vegna fyrirhugaðra framkvæmda sem m.a. tekur tillit til breytinga á laga- og reglugerðaumhverfi, nýrra gagna og endurskoðaðs aðalskipulags þeirra sveitarfélaga sem um ræðir.

Í bókun sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps segir m.a.:

„Lögd er fram tillaga að deiliskipulagi virkjunar í neðanverðri Þjórsá norður að Skarðsfjalli, skilgreind á aðalskipulagi innan svæðis I15 - Hvammsvirkjun, eftir kynningu. Í deiliskipulaginu felst skilgreining heimilda vegna framkvæmda og uppbyggingar á virkjun Þjórsá norður af Skarðsfjalli undir heitinu Hvammsvirkjun. Inntakslón hennar, Hagalón, verður í farvegi Þjórsá norður af Skarðsfjalli. Lónið verður í um 116 m y.s. og um 4 km² að stærð og rúmmál lónsins verður um 13,2 milljón m³. Stöðvarhús verður að mestu leyti neðanjarðar við norðurenda Skarðsfjalls, í landi Hvamms 1 í Landsveit. Framkvæmdarsvæði Hvammsvirkjunar er í sveitarfélögunum Rangárþingi ytra og Skeiða- og Gnúpverjahreppi...“

Umhverfi og lífríki í vatni.

Þjórsá er með blönduðum dragár, jökuls- og lindaréinkennum. Þjórsá er fiskgeng úr sjó frá náttúrunnar hendi að fossinum Búða og Hestafossi (51,6 km) og að auki í þverár hennar þar fyrir

neðan og eru Kálfá (13,5 km) og Tungá (6 km) þeirra helstar. Alls er náttúrulega fiskgengt á a.m.k. 93 km og eru þá ekki taldir með smærri lækir. Fiskstigi var tekinn í notkun í Búða í Þjórsá árið 1992 og nú kemst göngufiskur að Þjófafossi og í Þverárnar á svæðinu milli Búfells og Búða. Við þessa framkvæmd urðu um 73 km fiskgengir til viðbótar. Seiðarannsóknir ofan Búða og síðar fisktalning upp fiskstigann sýna að á svæðinu er nú talsvert landnám laxa og í mun minna mæli sjóbirtings. Þetta hefur leitt til umtalsverðrar aukningar á stofnstærð laxa á vatnasvæði Þjórsár. Rannsókn Veiðimálastofnunar á lífríki Þjórsár, árið 2002, bendir til mikils þéttleika botndýra miðað við aðrar þekktar jökullitaðar ár á Íslandi og þar er mikil hrygning og uppeldi laxfiska. Í samræmi við úrskurð Skipulagsstofnunar frá 2003 hefur rannsóknnum á lífríki Þjórsár verið haldið áfram og eru sérfræðiskýrslur Veiðimálastofnunar og Hafrannsóknastofnunar frá 1. júlí 2016 aðgengilegar á heimasíðu Hafrannsóknastofnunar (hafogvatn.is). Í Þjórsá ásamt Þverám hennar er að finna einn af stærri laxastofnum landsins og að auki eru þar umtalsverðir stofnar staðbundinna og sjógenginna urriða auk bleikju. Samkvæmt stofnmati Hafrannsóknastofnunar var stofnstærð villtra laxa á vatnasvæði Þjórsár að meðaltali 10.366 laxar á árunum 2013–2019. Umtalsverð veiði er stunduð á vatnasvæðinu og meðalveiði síðustu 10 árin (2010–2019) var 4.988 laxar, 748 urriðar og 16 bleikjur. Niðurstöður búsvæðamats sýna að víða eru góð uppeldisskilyrði fyrir lax á vatnasvæðinu, það sýna seiðarannsóknir einnig. Af öllum búsvæðum var metið að 81% búsvæða laxaseiða (FE) væru í Þjórsá en 19% í Þveránum og að ofan Búða/Hestafoss væru 48% en neðan hans 52%. Teljari hefur verið í fiskstiganum við Búða frá árinu 1992, fiskgengd hefur vaxið mjög á þessum tíma og síðustu 5 ár hafa að jafnaði 1.805 fiskar gengið upp stigann á ári, og 94% þeirra verið laxar.

Umsögn.

Helstu áhrif byggingar Hvammsvirkjunar á vatnalíf eru annars vegar á framkvæmdatíma, þ.e. á byggingartíma virkjunar og hins vegar á rekstrartíma virkjunarinnar. Á framkvæmdatíma verður óhjákvæmilega rask á svæðinu sem mun hafa tímabundin áhrif á fisk og annað lífríki í vatni. Einkum verður röskun við gerð stíflu yfir ána til myndunar inntakslóns. Efnistaka og rask hefur bein áhrif á búsvæði lífvera, grugg sem berst niður ána getur einnig haft neikvæð áhrif neðar í ánni bæði á göngur fiska og ekki síður á lífríki á botni. Fyrirhuguð er víðtæk efnistökusvæði innan lónstæðis samtals 500.000 m³ en efnislosunarsvæði eru fyrirhuguð utan farvegjar. Rannsóknir hafa sýnt að á efnistökusvæðum er hrygning og uppeldi laxfiska og þá einkum laxa. Hrogn eru í mölinni frá október og fram til júníloka. Til að minnka áhrif efnistöku á laxfiska er ráðlegt að taka efnið ekki á þessu tímabili. Eftir að framkvæmdum lýkur vega þau áhrif þyngst að án mótvægisáðgerða hindrar stífla fiskgöngur úr sjó og lón skerðir búsvæði. Þá getur fiskur á niðurleið sem lendir í hverflum virkjunar drepist og aukast líkur á dauða með aukinni stærð fiska og þar verður lax einna

mest fyrir barðinu. Metið hefur verið að ofan Hvammsvirkjunar séu um 64 % metinna búsvæða fyrir lax ofan stigans við Búða og um 31% af öllum metnum svæðum sem sjógenginn fiskur gengur um. Án mótvægisáðgerða lokast þessi svæði af fyrir laxgengd. Ef ekkert yrði að gert myndu þessi búsvæði tapast til seiðaframleiðslu laxaseiða vegna byggingar Hvammsvirkjunar og fiskgengd laxa minnka sem því nemur. Gert er ráð fyrir stíflumannvirkjum með innbyggðum fiskistiga til að reyna að tryggja fiskgengd, samhliða því verður tryggt lágmarksrennsli í Þjórsá í farvegi neðan stíflu. Gerð verður seiðafleyta ofan við inntak virkjunar sem beina á seiðum framhjá hverflum, beint niður í farveg árinna. Auk þess verða hverflar virkjunar, Kaplan vélar, sem eiga að tryggja að langstærsti hluti þeirra seiða sem þar fer í gegn lifir af skv. upplýsingum sem fengust frá vélaframleiðanda. Gert er ráð fyrir að ráðast þurfi í framkvæmdir í farvegi Þjórsár til að halda honum fiskgengum frá stíflu að enda frárennisskurðar við Ölmóðsey. Mótvægisáðgerðir þessar ættu að minnka til muna neikvæð áhrif á fiskstofna. Eins og fram kemur í greinargerð vegna umrædds skipulags er þó óvissa um virkni mótvægisáðgerða. Fyrirhugað er að vinna vöktunaráætlanir með viðkomandi fagstofnunum og er þeim ætlað að ramma inn eftirlitskerfi til að fylgjast með hvort mótvægisáðgerðir hafi þau áhrif sem ætlast er til. Þar er m.a. sérstaklega horft til Hafrannsóknastofnunar/Fiskistofu varðandi fiskgengd og seiðafleytingar. Stofnunin telur mjög mikilvægt að vöktun verði viðhöfð til að tryggja sem best að mótvægisáðgerðir virki eins og þeim er ætlað. Í umræddu skipulagi er gert ráð fyrir að ný brú eða ræsi verði í fyrrum farvegi Þverár. Þar þarf að gæta þess að fiskgengt verði upp í ána enda eru þar mikilvægar hrygningar- og uppeldisstöðavar laxa. Hafrannsóknastofnun vill áréttta að við endurheimt votlendis vegna framkvæmdarinnar verði tekið tillit til búsvæða vatnalífvera þar með talið að endurheimtin hafi ekki neikvæð áhrif á fiskgengd. Í viðauka eru talin helstu viðmið í umhverfismati deiliskipulags og vekur athygli að þar eru ekki nefnd lög um stjórn vatnamála (nr.36/2011). Markmið þeirra laga er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Lögin taka til ýmissa þátta sem varða nýtingu vatns þar á meðal er nýting til rafmagnsframleiðslu. Hafrannsóknastofnum bendir á nauðsyn þess að öll skipulagsvinna vegna framkvæmdanna sé í samræmi við fyrrnefnd lög.

F. h. Hafrannsóknastofnunar

